

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/38/EB****frá 3. júní 1998****um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/151/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum(\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB<sup>(2)</sup>, einkum 13. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/151/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum<sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB, einkum 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með tilliti til fenginnar reynslu og tækniframfara er rétt að aðlaga þær kröfur sem eru gerðar varðandi hluta og eiginleika sem um getur í 2. gr. tilskipunar 74/151/EBE.

Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 74/150/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. til VI. viðauka við tilskipun 74/151/EBE í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 277, 10. 10. 1997, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 25.

*2. gr.*

- Frá 1. maí 1999 er aðildarríkjum óheimilt:
  - að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða
  - að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun, ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 74/151/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
- Frá 1. október 1999 mega aðildarríkin:
  - ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/151/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,
  - synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/151/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

*3. gr.*

- Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. maí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar rádstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

- Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*4. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júní 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

*VÍÐAUKI*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. til VI. viðauka:

a) Í I. viðauka komi „massi“ í stað „þyngd“.

b) Í II. viðauka:

- komi eftirfarandi í stað undirliðanna tveggja í 1. lið.:

„ - lengd: 255 eða 520 mm,

- hæð: 165 eða 120 mm.

Við val skal taka mið af þeim málum sem gilda í viðtökuaðildarríkjunum.“;

- komi eftirfarandi í stað liðar 2.1:

**„2.1. Staðsetning skráningarmerkis á hlið dráttarvélarinnar**

Miðpunktur skráningarmerkisins má ekki vera lengra til hægri en samhverfuplan dráttarvélarinnar.

Vinstri brún skráningarmerkisins má ekki vera staðsett lengra til vinstri en lóðrétt plan sem liggur samsíða samhverfuplani dráttarvélarinnar og snertir punktinn þar sem þversnið hennar er breiðast.“;

- komi eftirfarandi í stað textans í lið 2.4:

„Neðri brún skráningarmerkisins skal vera í a.m.k. 0,30 metra hæð frá jörðu. Hæð efri brúnar skráningarmerkisins frá jörðu má ekki vera meiri en 4,0 metrar.“

c) Eftirfarandi texti bætist við 2. lið í III. viðauka:

„Koma skal eldsneytisskömmunarleiðslum og áfyllingaropi fyrir utan við stýrishúsið.“

d) Eftirfarandi komi í stað IV. viðauka:

*„IV. VÍÐAUKI*

**ÞYNGDARKLOSSAR**

Ef búa á dráttarvél þyngdarklossum, til að fullnægja öðrum ákvæðum vegna EB-gerðarviðurkenningar, eiga slíkir þyngdarklossar að koma frá framleiðanda dráttarvélarinnar, vera ætlaðir til að festa þá við dráttarvélinu og á þeim skal vera merki framleiðandans og uppgefin þyngd þeirra í kílóum með  $\pm 5\%$  nákvæmni. Þyngdarklossar að framan, sem eru hannaðir til þess að verða áfestir eða teknir af margsinnis, skulu hafa a.m.k. 25 mm öryggisbil við handföngin. Festa ber þyngdarklossana með þeim hætti að þeir losni ekki fyrir slysi (t.d. ef dráttarvélin veltur).“

e) Eftirfarandi komi í stað liðar 2.1.4 í V. viðauka:

„2.1.4. Hámarksgildi hljóðþrýstings skal vera lægst 93 dB (A) og hæst 112 dB (A).“

f) Eftirfarandi texti bætist við lið II.1 í VI. viðauka:

„Staðsetja skal útblástursrörið þannig að útblástursloftið geti ekki komist inn í stýrishúsið.“